

6. október 2016

**Greiðsluuppgjör ríkissjóðs** fyrir janúar - ágúst 2016 liggur nú fyrir og gefur upplýsingar um afkomu ríkissjóðs á grundvelli innheimtra tekna og greiddra gjalda. Handbært fé frá rekstri batnaði verulega á milli ára og var jákvætt um 56,3 ma.kr. samanborið við neikvætt handbært fé upp á 24,9 ma.kr. 2015. Þetta skýrist að stærstum hluta með tekjum af stöðuleikaframlögum á árinu 2016 sem námu 68 ma.kr á tímabilinu. Handbært fé lækkar um 54 ma.kr. samanborið við lækkun um 107,7 ma.kr. á árinu 2015, afborganir lána á tímabilinu námu 126,7 ma.kr.

## Sjóðstreymi ríkissjóðs janúar – ágúst 2014-2016 (m.kr.)

	2014	2015	2016
Innheimtar tekjur	404.944	429.318	520.378
Greidd gjöld	391.507	428.856	450.840
<b>Tekjujöfnuður</b>	<b>13.437</b>	<b>461</b>	<b>69.538</b>
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda	237	-25.373	-13.264
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<b>13.674</b>	<b>-24.911</b>	<b>56.274</b>
Fjárfestingahreyfingar	-12.354	12.227	-11.631
<b>Hreinn lánsfjárfjöfnuður</b>	<b>1.320</b>	<b>-12.684</b>	<b>44.643</b>
<b>Afborganir lána</b>	<b>-137.732</b>	<b>-139.656</b>	<b>-126.653</b>
Innanlands	-29.288	-31.060	-59.146
Erlendis	-108.444	-108.596	-67.507
<b>Lánsfjárfjöfnuður brúttó</b>	<b>-136.412</b>	<b>-152.340</b>	<b>-82.010</b>
<b>Lántökur</b>	<b>156.762</b>	<b>44.676</b>	<b>28.036</b>
Innanlands	39.964	44.676	28.036
Erlendis	116.798	0	0
<b>Breyting á handbæru fé</b>	<b>20.350</b>	<b>-107.664</b>	<b>-53.975</b>

**Innheimtar tekjur** ríkissjóðs á fyrstu átta mánuðum ársins námu 520,4 ma.kr. sem er 21,2% aukning frá sama tímabili í fyrra. Aukninguna má að stórum hluta rekja til óreglulegra tekna af stöðugleikaframlagi og arðgreiðslum sem námu samanlagt 84,1 ma.kr. Ef leiðrétt er fyrir þessum tveimur veigamiklu liðum þá námu innheimtar tekjur ríkissjóðs 436,3 ma.kr. það sem af er ári sem er 9% aukning milli ára.

Skatttekjur og tryggingagjöld námu 414,7 ma.kr. fyrstu átta mánuði ársins sem er 9,6% aukning milli ára og 5,3% umfram áætlun. Þar af jókst tekjuskattur einstaklinga um 22,3% frá fyrra ári og nam 96,3 ma.kr. sem er 9,9% umfram tekjuáætlun. Aukningin milli ára endurspeglar miklar almennar launahækkningar og aukna atvinnu sem jafnframt skýra fráviknið frá áætlun. Þessar breytingar á vinnumarkaði hafa leitt til þess að tekjuskattur einstaklinga hefur aukist verulega milli ára þrátt fyrir lækkun á skatthlutfalli í 1. og 2. þrepi í ársbyrjun. Tekjuskattur lögaðila nam 30,4 ma.kr. og var 17,9% undir áætlun. Engar efnahagslegar forsendur eru þar að baki heldur er um bráðabirgða innheimtu að ræða sem verður endurskoðuð með álagningunni í október. Jafnframt hefur leiðrétting á sérstökum fjársýsluskatti í kjölfar endurálagningar



mikil áhrif til lækkunar. Ef sérstaki fjársýsluskatturinn er undanskilinn jókst tekjuskattur lögaðila um 9,3% milli ára. Fjármagnstekjuskattur nam 34,2 ma.kr. en ef leiðrétt er fyrir fjármagnstekjuskatti greiddum af ríkissjóði sjálfum nam hann alls 29,8 ma.kr. og var 14,1% umfram áætlun.

### Tekjur ríkissjóðs janúar – ágúst 2014–2016

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %		
	2014	2015	2016	2014	2015	2016
<b>Skatttekjur og tryggingagjöld</b>	<b>351.935</b>	<b>378.371</b>	<b>414.735</b>	<b>10,4</b>	<b>7,5</b>	<b>9,6</b>
<b>Skattar á tekjur og hagnað</b>	<b>133.628</b>	<b>151.005</b>	<b>160.842</b>	<b>18,8</b>	<b>13,0</b>	<b>6,5</b>
Tekjuskattur einstaklinga	75.035	78.698	96.264	9,2	4,9	22,3
Tekjuskattur lögaðila	26.622	37.232	30.402	35,2	39,9	-18,3
Skattur á fjármagnstekjur	31.971	35.075	34.176	32,6	9,7	-2,6
<b>Eignarskattar</b>	<b>7.575</b>	<b>5.070</b>	<b>5.744</b>	<b>0,7</b>	<b>-33,1</b>	<b>13,3</b>
<b>Skattar á vöru og þjónustu</b>	<b>150.927</b>	<b>160.177</b>	<b>179.299</b>	<b>5,7</b>	<b>6,1</b>	<b>11,9</b>
Virðisaukaskattur	100.791	110.034	125.912	8,3	9,2	14,4
Vörugjöld af ökutækjum	3.457	4.720	6.104	8,4	36,5	29,3
Vörugjöld af bensíni	7.736	7.951	8.123	-0,9	2,8	2,2
Skattar á olíu	4.582	4.923	5.689	5,5	7,4	15,6
Áfengisgjald og tóbaksgjald	12.193	12.471	14.037	6,0	2,3	12,6
Aðrir skattar á vöru og þjónustu	22.168	20.078	19.434	-3,3	-9,4	-3,2
<b>Skattar á alþjóðaverslun og viðskipti</b>	<b>3.610</b>	<b>3.655</b>	<b>3.180</b>	<b>0,8</b>	<b>1,2</b>	<b>-13,0</b>
<b>Aðrir skattar</b>	<b>8.534</b>	<b>7.757</b>	<b>8.745</b>	<b>12,6</b>	<b>-9,1</b>	<b>12,7</b>
<b>Tryggingagjöld</b>	<b>47.661</b>	<b>50.707</b>	<b>56.925</b>	<b>6,2</b>	<b>6,4</b>	<b>12,3</b>
<b>Fjárframlög</b>	<b>114</b>	<b>150</b>	<b>142</b>	<b>-7,3</b>	<b>31,6</b>	<b>-5,6</b>
<b>Aðrar tekjur</b>	<b>51.569</b>	<b>50.796</b>	<b>105.189</b>	<b>74,7</b>	<b>-1,5</b>	<b>107,1</b>
<b>Sala eigna</b>	<b>1.326</b>	<b>-</b>	<b>313</b>	<b>-</b>	<b>-</b>	<b>-</b>
<b>Tekjur alls</b>	<b>404.944</b>	<b>429.318</b>	<b>520.378</b>	<b>16,0</b>	<b>6,0</b>	<b>21,2</b>

Eignarskattar námu 5,7 ma.kr. og þar af námu stimpilgjöld 3 ma.kr. og erfðafjárskattur 2 ma.kr. Samanlagt voru eignarskattar 28,7% umfram áætlun tímabilsins. Frávikið má rekja til aukinna tekna af stimpilgjaldi vegna hækkandi eignaverðs og vaxandi umsvifa á fasteignamarkaði. Auk þess skýrist hluti fráviksins af síðbúinni innheimtu auðlegðarskatts sem ekki var hluti af áætluninni.

Skattar á vöru og þjónustu námu 179,3 ma.kr. sem er 11,9% aukning frá fyrra ári og 7% umfram áætlun. Þar af nam virðisaukaskattur alls 125,9 ma.kr. fyrstu átta mánuði ársins sem er 14,4% aukning milli ára og 8,9% umfram áætlun. Sú aukning skýrist fyrst og fremst af efnahagslegum þáttum svo sem aukningu á kaupmætti heimilanna og vaxandi umsvifum á mörgum sviðum atvinnulífsins. Virðisaukaskattskyld velta í ferðaþjónustutengdri starfsemi jókst umtalsvert milli ára bæði vegna fjölgunar fyrirtækja í gisti- og veitingaþjónustu og vegna kerfisbreytingar í ársbyrjun þegar ferðaþjónustutengd starfsemi varð skattskyld í neðra þrepi virðisaukatts. Jafnframt hefur kröftugur vöxtur í komu ferðamanna verið töluvert meiri en gert var ráð fyrir í forsendum fjárlagaáætlunar. Áhrifa kerfisbreytingarinnar gætir verulega í skattskyldri veltu en minna í tekjum ríkissjóðs, þar sem innskattur af aðföngum dregst frá útskatti. Aukin álagning VSK dreifist þó á margar atvinnugreinar, svo sem byggingariðnað, verslun og sérfræðiþjónustu auk ferðaþjónustu.



Áhrif ferðapjónustu og aukins kaupmáttar hefur einnig haft áhrif á kaup á ökutækjum og hefur nýskráðum bifreiðum fjölgað um 43% samkvæmt Samgöngustofu. Í kjölfarið hafa vörugjöld af ökutækjum aukist um 29,3% milli ára og námu alls 6,1 ma.kr. á fyrstu átta mánuðum ársins. Auknar skatttekjur af olíu eru einnig merki um áhrif ferðapjónustunnar á tekjuöflun ríkissjóðs.

Áfengis- og tóbaksgjöld námu samtals 14 ma.kr. og voru 6,9% undir áætlun. Þar af var áfengisgjald 10,1 ma.kr. sem er 19% aukning frá fyrra ári. Aukningin skýrist annars vegar af 5% aukningu í áfengissölu og hins vegar af kerfisbreytingu á skattlagningu áfengis í ársbyrjun þegar gjaldið var hækkað samhliða því að vera fært úr almenna þrepi virðisaukaskatts í neðra þrep. Jafnframt var gerð breyting á uppgjörstímabili sem var lengt úr hálfum mánuði í einn mánuð. Sú breyting skýrir að hluta til 8,4% neikvætt frávik frá áætlun þar sem innheimtutímabilið var hálfum mánuði styttra en gert var ráð fyrir við gerð fjárlagaáætlunar. Tekjur af tóbaksgjaldi námu 3,9 ma.kr. og voru 2,6% undir áætlun. Innheimtan er óbreytt milli ára þrátt fyrir 2,5% verðlagsuppfærslu gjaldsins í byrjun árs en á móti hefur sala á tóbaki, mæld í vindlingum, dregist saman um 3,5% frá sama tímabili í fyrra.

Tollar og önnur aðflutningsgjöld námu 3,2 ma.kr. á fyrstu átta mánuðum ársins og voru 24,6% umfram áætlun. Tekjustofninn dróst saman um 13% frá fyrra ári sem má rekja til afnáms tolla af fatnaði og skóm í byrjun árs sem er fyrri áfangi af tveimur til einföldunar á tollkerfinu. Síðari áfanginn er tímasettur í ársbyrjun 2017.

Tryggingagjald nam alls 56,9 ma.kr. og var 3,8% umfram áætlun. Tekjurnar jukust um 12,3% milli ára sem endurspeglar bæði almennar launahækkningar og fjölgun starfandi einstaklinga á vinnumarkaði. Á móti kemur að tryggingagjaldið var lækkað um 0,5 prósentustig þann 1. júlí síðastliðinn og gætir áhrifa lækkunarinnar í innheimtu ágúst mánaðar.

Aðrar tekjur en skatttekjur námu 105,2 ma.kr. sem er veruleg aukning milli ára. Aukninguna má rekja til tekna af stöðugleikaframlagi sem námu alls 68 ma.kr. en þar af komu 17 ma.kr. í stað þess bankaskatts sem áður var áætlað að lagður yrði á slitabúin og 51 ma.kr. sem notaður var í mars og júní til að greiða niður lán frá Seðlabanka Íslands. Hafa ber í huga að hér kemur aðeins fram sá hluti stöðugleikaframlagsins sem hefur verið ráðstafað með framangreindum hætti og er því stærstur hluti þess auk tekna vegna hliðaráhrifa aðgreindur frá hefðbundnu tekjuuppgjöri ríkissjóðs. Tekjur af arðgreiðslum námu 16,1 ma.kr. og þar af var 14,1 ma.kr. vegna arðgreiðslu Landsbankans í apríl sem er fyrri greiðsla af tveimur en jafnhá greiðsla er væntanleg í september. Að lokum ber að nefna veiðigjöldin en þau námu 5,1 ma.kr. sem er 5,8% samdráttur milli ára. Kerfisbreyting á álagningu og innheimtu veiðigjalda sem eru nú innheimt á eins mánaðar fresti í stað þriggja veldur því að innheimtan milli ára er ekki samanburðarhæf þar sem innheimtan á síðasta ári tekur til lengra veiðitímabils.



**Greidd gjöld** námu 450,8 ma.kr. og jukust um 22 ma.kr. frá fyrra ári, eða um 5,1% sem er minna en gert hafði verið ráð fyrir. Yfirlit yfir þróun útgjalda til einstakra málaflokka er að finna hér á eftir.

### Þróun útgjalda eftir málaflokkum janúar - ágúst 2014–2016

	Milljónir kr. á verðlagi hvers árs			Breyting frá fyrra ári, %		
	2014	2015	2016	2014	2015	2016
Fjármagnskostnaður	53.281	55.265	52.967	2,9	3,7	-4,2
Almenn opinber þjónusta	34.460	36.405	39.673	1,9	5,6	9,0
Almannatryggingar og velferðarmál	92.593	93.995	97.523	2,4	1,5	3,8
Heilbrigðismál	89.923	97.569	108.040	7,8	8,5	10,7
Efnahags- og atvinnumál	40.279	59.566	59.991	13,7	47,9	0,7
Menntamál	36.206	38.769	41.941	2,5	7,1	8,2
Menningar- og félagsmál	12.377	12.534	13.919	2,1	1,3	11,0
Lög- og réttargæsla	14.656	14.840	15.926	1,2	1,3	7,3
Önnur útgjöld	17.731	19.913	20.862	33,0	12,3	4,8
<b>Gjöld alls</b>	<b>391.507</b>	<b>428.856</b>	<b>450.840</b>	<b>5,8</b>	<b>9,5</b>	<b>5,1</b>

Almenn opinber þjónusta hækkar um 3,3 ma.kr. milli ára eða 9%. Þar af hækka almenn fjárframlög til sveitarfélaga um 1,6 ma.kr. Önnur almenn opinber þjónusta hækkar um 1,4 ma.kr. á milli ára og þar af eru fasteignir ríkissjóðs með um 0,3 ma.kr og Rannsóknarsjóður með um 0,6 ma.kr. hækkun frá fyrra ári.

Útgjöld vegna efnahags- og atvinnumála námu um 60 ma.kr. og jukust um 0,4 ma.kr. eða 0,7% frá fyrra ári. Niðurfærsla verðtryggðra húsnæðislána er 3,6 ma.kr. lægri en á sama tímabili árið áður. Mesta aukning útgjalda milli ára er vegna samgöngumála, aukning um 1,4 ma.kr og vegna rannsóknar og þróunar í efnahags- og atvinnumálum um 0,9 ma.kr.

Útgjöld til heilbrigðismála námu 108 ma.kr. og jukust um 10,5 ma.kr. milli ára eða um 10,7%. Megin skýring á aukningu milli ára er sjúkrahúsþjónusta sem jókst um 5,3 ma.kr., en það er 12,3% aukning. Þar er veigamesti liðurinn rekstur Landspítala háskólasjúkrahúss sem eykst um 4,1 ma.kr. milli ára. Útgjöld til heilsugæslu hækka um 2,6 ma.kr. frá fyrra ári og er stærsta skýringin sú að útgjöld sjúkratrygginga aukast um 1,2 ma.kr. frá fyrra ári.

Útgjöld menntamála námu 41,9 ma.kr. á tímabilinu og hækkuðu um 3,2 ma.kr. eða 8,2% milli ára. Framlög til framhaldskóla hækka um 8,1 % á milli tímabila eða um 1,2 ma.kr.

Almannatryggingar og velferðarmál námu 97,5 ma.kr. og jukust um 3,5 ma.kr. eða 3,8%. Framlög til aldraðra jukust um 2,7 ma.kr. Þar af aukast lífeyristryggingar um 3,5 ma.kr. Örorkubætur aukast um 3,7 ma.kr. milli ára.

Önnur útgjöld hækka um 0,9 ma.kr. á tímabilinu eða 4,8%. Helstu útgjaldaliðir eru fjármagnstekjuskattur sem nam 4,3 ma.kr. og lækkuðu um 2,3 ma.kr. frá fyrra ári og lífeyriskuldbindingar sem námu 10,3 ma.kr. og hækkuðu um 2 ma.kr á milli ára.



Nánari skiptingu kostnaðar á málaflokka má sjá í eftirfarandi töflu:

Útgjöld einstakra málaflokka – breyting milli ára janúar - ágúst 2015–2016

	Milljónir króna á verðlagi hv. árs		Br. frá fyrra ári
	2015	2016	%
Æðsta stjórnýsla og löggjafarvald	2.663	3.077	15,5
Fjármálastjórnýsla ríkisins	7.047	7.207	2,3
Utanríkismál	8.278	8.028	-3,0
Önnur almenn opinber þjónusta	6.620	7.977	20,5
Fjármagnskostnaður	55.265	52.967	-4,2
Almenn fjárframlög til sveitarfélaga	11.797	13.383	13,4
<b>Almenn opinber þjónusta</b>	<b>91.671</b>	<b>92.639</b>	<b>1,1</b>
<b>Lög- og réttargæsla</b>	<b>14.840</b>	<b>15.926</b>	<b>7,3</b>
Almenn atvinnumál og markaðseftirlit	4.225	4.545	7,6
Landbúnaðarmál	8.867	9.081	2,4
Samgöngumál	16.619	18.008	8,4
Rannsóknir og þróun í efnahags- og atv.málum	3.738	4.604	23,2
Niðurfærsla verðtryggðra húsnæðislána	18.947	15.364	-18,9
Önnur efnahags- og atvinnumál	7.169	8.389	17,0
<b>Efnahags- og atvinnumál</b>	<b>59.566</b>	<b>59.991</b>	<b>0,7</b>
Lyf og lækningavörur	12.363	13.359	8,1
Heilsugæsla	20.142	22.789	13,1
Sjúkrahúsþjónusta	42.616	47.876	12,3
Hjúkrunar- og endurhæfingarstofnanir	19.366	20.808	7,4
Heilbrigðiseftirlit og stjórnýsla	3.083	3.208	4,1
<b>Heilbrigðismál</b>	<b>97.569</b>	<b>108.040</b>	<b>10,7</b>
Menningarmál	5.787	6.442	11,3
Íþróttir, fjölmiðlun, félags- og trúmál	6.747	7.476	10,8
<b>Menningar- og félagsmál</b>	<b>12.534</b>	<b>13.919</b>	<b>11,0</b>
Framhaldsskólastig	14.690	15.887	8,1
Háskólastig	20.984	22.525	7,3
Önnur menntamál	3.095	3.529	14,0
<b>Menntamál</b>	<b>38.769</b>	<b>41.941</b>	<b>8,2</b>
Örorka og fötlun	23.504	27.222	15,8
Öldrun	32.957	35.644	8,2
Fjölskyldur og börn	16.709	16.041	-4,0
Atvinnuleysi	8.238	7.215	-12,4
Vaxtabætur	7.060	5.179	-26,6
Önnur trygginga- og velferðarmál	5.526	6.223	12,6
<b>Almannatryggingar og velferðarmál</b>	<b>93.995</b>	<b>97.523</b>	<b>3,8</b>
Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun	8.212	10.259	24,9
Fjármagnstekjuskattur	6.611	4.341	-34,3
Annað	5.089	6.262	23,0
<b>Önnur útgjöld</b>	<b>19.913</b>	<b>20.862</b>	<b>4,8</b>
<b>Gjöld alls</b>	<b>428.856</b>	<b>450.840</b>	<b>5,1</b>



### Lánsfjárfjöfnuður ríkissjóðs

Hreinn lánsfjárfjöfnuður tímabilsins var jákvæður um 44,6 ma.kr. en á sama tímabili á síðasta ári var hann neikvæður um 12,6 ma.kr. Afborganir lána námu 126,6 ma.kr. til samanburðar við 139,6 ma.kr. á síðasta ári. Stærstur hluti afborgana skýrist af uppgreiðslu á erlendu láni sem tekið var í Bandaríkjadöllum árið 2011 og námu eftirstöðvar þess um 62 ma.kr. Aðrar erlendar afborganir skýrast af láni í breskum pundum sem var á gjalddaga í janúar. Innlendar afborgnir námu 59 ma.kr. á tímabilinu. Stærstur hluti þeirra skýrast af uppkaupum á bréfum í skuldabréfaflokknum RIKH 18 sem gefinn var út til eiginfjármögnunar bankanna eða 30 ma.kr. Þá var 25 ma.kr. ráðstafað til greiðslu inn á skuldabréf Seðlabanka Íslands. Lántökur tímabilsins námu 28 ma.kr., allt innlendar lántökur. Á sama tímabili í fyrra námu lántökur 44,6 ma.kr.